

SAMSTARFSSAMNINGUR

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 (HF) og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar kt. 670169-0229 (ÍBH) gera með sér eftirfarandi rammasamning um uppbyggingu, rekstur, leigu, viðhald og afnot af íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði ásamt þjónustu- og rekstrarsamningum sem hafa það að markmiði að efla íþróttastarf íþróttafélaganna með sérstakri áherslu á yngri iðkendur.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mun vinna að því að í fjárhagsáætlun hvers árs verði sérstök fjárveiting til eftirfarandi málaflokka til fullnustu samninga HF við ÍBH og aðildarfélög ÍBH:

1. Rekstrarsamningar ÍBH og aðildarfélaga við HF, vegna rekstrar íþróttamannvirkja. HF. HF hefur heimild samkvæmt [lögum um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995](#) og Reglum um styrki vegna fasteignaskatts félagasamtaka sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. desember 2012 að veita styrk til greiðslu lóðarleigu og fasteignaskatti á þeim mannvirkjum sem eru í rekstri aðildarfélaga ÍBH. Þau félög sem ekki hafa fengið styrkinn ~~þær~~ í upphafi niðurfellingar þessara gjalda ~~þurfa að sækja um slíkt~~ á Mínum síðum, umsóknin gildir síðan áfram.
1. Þjónustusamningar ÍBH og aðildarfélaga ÍBH vegna skrifstofuhalds, starfs vegna yngri iðkenda og gæðaviðmiða.
2. ~~NFÍH~~ nýbygginga íþróttamannvirkja á vegum aðildarfélaga ÍBH í samræmi við forgangsroðun þings ÍBH. Samningur um nýframkvæmd skal samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar.
3. ~~STÍH~~ stærri viðhaldsframkvæmda íþróttamannvirkja í rekstri íþróttafélaga og endurnýjun búnaðar íþróttafélaganna. Aðalstjórn viðkomandi íþróttafélags í samráði við íþrótt- og tómstundafulltrúa og Umhverfis- og framkvæmdasvið skal gera tillögu um stærri viðhaldsframkvæmdir á íþróttamannvirki og lóð. Viðhald skal skilgreint nánar í rekstrarsamningum á milli íþróttafélags og HF.
4. Fjárveiting í afreksmannasjóð ÍBH vegna ferða- og afreksstyrkja.
5. Fjárveiting í viðurkenningasjóð hafnirskra íþróttamanna auk annarra styrkja.
6. Árlegt framlag vegna samninga um afrekskóla vegna aðildafélaga ÍBH.
7. Leigusamninga við aðildafélög ÍBH.

Íþrótt- og tómstundanefnd gerir tillögur til bæjarráðs um skiptingu þessa fjár samkvæmt nánari reglum sem því eru settar.

Um öll ofangreind atriði skulu gerðir sérstakir samningar milli samningsaðila.

2. gr.

ÍBH fær til úthlutunar tíma í íþróttahúsnæði/mannvirkjum í eigu eða leigu bæjarfélagsins og öðrum íþróttahúsum/mannvirkjum sem bærinn hefur aðstoðað við að byggja. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður íþrótt- og tómstundanefnd hverju sinni, sem ÍBH sér síðan um að skipta á milli aðildarfélaga og skal gæta þess að um jafnræði verði í þeirri úthlutun. Aðilar eru sammála um að vinna að góðri nýtingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og unnið verði sameiginlega að því markmiði að efla íþróttastarfið í bænum. Einnig eru aðilar sammála um

að stefna að því að íþróttastarf barna og unglunga hefjist sem fyrst að deginum til þess að tryggja sem best samfellu skóla- og íþróttastarfs og stuðla þannig að fjölskylduvænu umhverfi. Um leigu bæjarins á íþróttamannvirkjum einstakra félaga skal gerður sérstakur leigusamningur milli aðila.

3. gr.

Hafnarfjarðabær mun leigja ÍBH tíma í íþróttamannvirkjum sínum fyrir sem næst sannvirði rekstrarkostnaðar, (stofn- og vaxtakostnaður ekki reiknaður með).

4. gr.

Aðilar þessa samnings skulu veita almenningi aðgang að íþróttahúsum/mannvirkjum og annarri aðstöðu eins og við verður komið. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar skal ráðstafa ónýttum úthlutuðum tímum til almenningsíþróttá s.s íþróttaskóla barna, íþróttum eldri félagsmanna, fyrirtækjahópa ofl.

5. gr.

Rísi upp ósættanlegur ágreiningur um úthlutun tíma innan ÍBH getur íþróttá- og tómsbundanefnd afturkallað umboð ÍBH til úthlutunar á tímum í einstaka íþróttamannvirki. Íþróttá- og tómsbundanefnd úthlutar þá tímum.

6. gr.

Hlutdeild HF við nýbyggingu íþróttamannvirkis getur orðið allt að 100%, lægri hlutdeild er heimil og skulu aðilar semja um ákveðna hlutdeild áður en bygging íþróttamannvirkis hefst. 100% hlutdeild HF á aðallega við þegar íþróttamannvirki er að mestu ætlað til notkunar við íþróttakennslu og til æfinga barna og unglunga. Lægri hlutdeild HF á sérstaklega við varðandi íþróttamannvirki sem sannarlega gefa tekjur á almennum markaði, þegar mannvirkið nýtist lítið til almennrar heilsueflingar, nýtist takmörkuðum hópi auk þess að nýtast börnum og unglungum að takmörkuðu leiti og notast til aukinnar heilsueflingar. Viðauki 1 fjallar um viðmið Hafnarfjarðarbæjar vegna hlutdeilda í nýbyggingum íþróttamannvirka.

Þar sem eignarhald félaga í íþróttamannvirkjum er fyrir hendi skulu aðilar leita samninga um framtíðareignarhald og í þeim tilvikum þar sem skýr eignaskipting íþróttafélags og HF liggur ekki fyrir skulu aðilar koma sér saman um eignaskiptingu og gerð eignaskiptasamnings hið fyrsta frá undirritun samnings þessa.

Ef íþróttafélag óskar eftir að byggja íþróttamannvirki sem falla eiga undir þennan samning, verður að leggja fyrir bæjarstjórn teikningar, kostnaðaráætlun, framkvæmdaráætlun og áætlun um fjármögnun. Samþykki bæjarstjórn ~~100%~~ hlutdeild í framkvæmdinni skipa íþróttafélag og HF framkvæmdanefnd um verkefnið. Framkvæmdin verði að öðru jöfnu alfarið á vegum HF. Ef íþróttafélag óskar eftir að vera hlutdeildaraðili í byggingu íþróttamannvirkis skal íþróttafélag leggja fram og greinagerð um greiðslu á sínum eignahlut. Drög að samningi um rekstur og notkun viðkomandi íþróttamannvirkis skal leggja fyrir við samninga um framkvæmdir og rekstur.

7. gr.

Öll mannvirki sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið þátt í að byggja og mun taka þátt í samkvæmt þessum samningi eru óframseljanleg nema samþykki bæjarstjórnar liggi fyrir og andvirði renni til rétthafa í samræmi við framlög þeirra til stofnframkvæmda.

8. gr.

Eftirlitsnefnd með fjármálum íþrótta – og æskulýðsfélaga getur kallað til fulltrúa ÍBH á fundi og hefur aðgang að gögnum um rekstur ÍBH sé þess óskað. Nefndin starfar í umboði bæjarráðs og er ætlað að hafa eftirlit með fjármálum íþrótta- og æskulýðsfélaga, sem fjárstuðnings njóta úr bæjarsjóði.

9. gr.

Óháðu fagráði **um ágreiningsmál** er ætlað að taka við erindum, ágreinings- og álitamálum frá íþrótta- og tómstundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, **þar á meðal** kynferðislegu ofbeldi, siðferðilegum álitamálum og eineltismálum. Ráðið veitir félagasamtökum ráð og stuðning varðandi vinnu við slík mál. Ráðið hefur aðgengi að sérfræðingum Hafnarfjarðarbæjar um einstök mál. Einstaklingar geta skotið málum til ráðsins.

Hægt er að leita til ráðsins varðandi:

Skoðun á siðareglum og verklagsferlum

Álitamálum tengdum ofbeldi í félagasamtökum og málum sem ekki tekst að leysa innan félagsins

Einstaklingsmál þar sem aðilar máls eru ekki sammála um málsmeðferð

Og öðrum álíka ágreiningsmálum

Ráðið skal síðan veita umsögn eða ráðgjöf skriflega til aðila sem senda inn mál.

RFagráðið skal funda þegar mál berast því og hittast eigi sjaldnar en einu sinni á önn.

10. gr.

Íþrótta- og tómstundanefnd og íþróttafulltrúi skulu fylgjast með því að samningum sé framfylgt og íþrótta­mannvirkin séu rekin samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar að lútandi. Verði talið að ákvæði samnings þessa hafi verið brotin, skal gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Áður skal stjórn viðkomandi félags vera aðvöruð með bréfi. Beri það ekki árangur getur Hafnarfjarðarbær og/eða sá aðili sem brotið er á, sagt upp samningnum án frekari fyrirvara.

Verði verulegar vanefndir af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, getur stjórn ÍBH sagt samningnum upp.

11. gr.

Samningur þessi gildir ótímabundið. Hvor samningsaðili getur sagt samningunum upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Endurskoðun samningsins skal fara fram á fimm ára fresti.

12. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Hafnarfirði,

27. 105. 2018

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Vottar að rétttri dagsetningu
fjárræði og undirskrift aðila:

Viðauki 1

Nýframkvæmdir íþróttamannvirkja—ferlar (þetta er viðauki eða fylgiskjal við samstarfsamning við ÍBH)

Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna nýbyggingar íþróttamannvirkja getur orðið allt að 100% en heimilt er að semja við íþróttafélög innan ÍBH um hlutdeild og lægra framlag Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar ákvörðun um að fara í viðræður við íþróttafélag um nýframkvæmd hefur verið tekin skal fara af stað greining íþróttafulltrúa á óskum félagsins um framkvæmdina, hvort framkvæmt er í takt við forgangslista ÍBH, þörfina og mat á hver hlutdeild Hafnarfjarðar yrði í framkvæmdinni.

Við úttektina skal m.a. skoða eftirfarandi þætti:

- Fjöldi iðkenda hjá deild/félagi, aldur þeirra og æfingartími.
- Tegund og stærð mannvirkja sem félagið/deild nýtir til iðkunar.
- Ræða við sersamband, önnur sambærileg íþróttafélög og sveitarfélög sem hafa farið í sambærilega framkvæmd
- Kröfur um tegund æfingarsvæða, keppnisrými og annarra þarfa.
- Nýting á mannvirkjum sem félagið/deild hefur til umráða, á hvaða tímum og á hvaða hátt mannvirki er nýtt til æfinga.
- Möguleika á að nýta önnur íþróttamannvirki undir greinina

Íþróttamannvirki þarf að uppfylla eftirfarandi viðmið til að Hafnarfjarðarbær kosti framkvæmd að öllu leiti:

- Íþróttamannvirki er notað undir íþróttakennslu á skólatíma á veturna
- Nýting mannvirkis skal vera minnst 50 klst. á viku
- Íþróttamannvirki nýtist sem almenningsíþróttasvæði fyrir aðra en félagsmenn og eykur framboð á heilsuefningu
- Íþróttamannvirki nýtist mjög vel fyrir æfingar barna og unglunga og hlutfalla skráðra iðkenda yngri en 18 ára skal vera 75% hið minnsta
- Íþróttamannvirki fer takmarkað í útleigu til þriðja aðila

Íþróttamannvirki þarf að uppfylla eftirfarandi viðmið til að Hafnarfjarðarbær kosti framkvæmd að 90% og íþróttafélag 10%:

- Íþróttamannvirki er notað að hluta undir íþróttakennslu á veturna
- Íþróttamannvirki nýtist sem almenningsíþróttasvæði
- Íþróttamannvirki eykur framboð á heilsuefningu fyrir aðra en félagsmenn
- Íþróttamannvirki nýtist vel fyrir æfingar barna og unglunga og hlutfalla skráðra iðkenda yngri en 18 ára skal vera 50% hið minnsta
- Íþróttamannvirki fer takmarkað í útleigu til þriðja aðila

Semja um 80% þátttöku Hafnarfjarðarbæjar eða minna á móti framlagi íþróttfélags þegar:

- Íþróttamannvirki er fyrst og fremst ætlað fullorðnu fólki
- Íþróttamannvirki nýtist að einhverju leiti fyrir æfingar barna og unglunga og hlutfalla skráðra iðkenda yngri en 18 ára er minna en 50%
- Íþróttamannvirki fyrst og fremst ætluð meistaraflokki félaganna
- Auðvelt er að afla tekna með því að leigja það út eða selja aðgang
- Barna og unglingastarf fer takmarkað fram í íþróttamannvirkinu

Þegar búið er að meta aðstöðuna hjá félagi/iðkendum og greina nýtingu mannvirkja og niðurstaða liggur fyrir skal henni skilað til bæjarráðs.